

1868.

24. júlí.

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Með bréfi dagsettu 25. aprílmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórnir í Rangárvallahrepp í Rangárvallasýslu skjóta til úrslita stjórnarráðsins úrskurði yðar 23. júlímán. f. á., er ákveður, að Gunnar og Kristín Einars börn skuli eiga framfæri á tæðum hrepp, og gjörir honum að skyldu að endurgjalda Dyrhólahrepp í Skaptafellssýslu fátækrastryk þann, er stjúpaðir barnanna Jakob Sigurðsson, sem á sveit á Rangárvallahrepp, hafði fengið þar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að úrskurður sá, er þér hafð lagt á málið, skal standa óraskaður¹.

¹) Úrskurður sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dagsettur 20. septemb. 1864.

Útaf því, að eg í bréfi mínu 11. f. m. hafði mælt svo fyrir, að bráðabirgða-styrkur sá, er Jakob Sigurðsson frá Loptsólu, sem á sveit í Rangárvallahrepp, hefir fengið úr sveitarsjóð Dyrhólahrepps, skuli endurgjaldast af Rangárvallahrepp, hafa hinir heidruðu hreppstjórar í bréfi 19. þ. m. látið það álit sitt í ljósi, að Rangárvallahreppur sé ekki skyldur að veita tæðum Jakob Sigurðssyni styrk til uppeldis stjúpbarna hans, því að samkvæmt fátækra-reglugjörðinni 8. janúarmán. 1834 6. grein fylgi skilgetin börn, yngri en 16 ára, föðursins framfærslu-átthögum.

Þetta virðist mér vera misskilningur. Reglugjörðin ræðir ekki á þeim stað, sem til er vitnað, um þau börn, sem eiga stjúpföður eður annan mann, er lögum samkvæmt er skyldur til að standa straum af þeim, og þá skyldu hefir stjúpaðirinn við stjúpbörn sín, því að með því að giptast ekkju tekst maðurinn þá skyldu á herðar að standa straum af henni og börnum hennar eins og börnum sjálfs sín, og við það hafa ekkjan og börn hennar öðlzt sama framfærsluhrepp og maðurinn, og þegar maðurinn ekki getur fullnægt skyldu sinni að annast konu sína og stjúpbörn, hlýtur framfærsluhreppur hans að taka þessa skyldu hans að sér. Bæði liggur þetta í hlutarins eðli og er samkvæmt anda laganna og berum orðum löggjafans, þó það ekki sé tekið fram í islensku fátækralöggjöfnni. Eg hlýt því hér með að ítreka fyrirmæli mín í bréfi 11. f. m. um, að bráðabirgða-styrkur sá, er greindur Jakob Sigurðsson

39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptisyfirvaldanna á Íslandi, um lán af opinberu fê gegn veði í lausum aurum.

1868.
1. ágúst.

Í bréfi 29. júnímán. þ. á. hafð þèr, herra stíptamtmaður og háæruverðugi herra, mælt fram með bænarskrá frá síra Þorláki Stefánssyni, sóknarpresti að Undirfelli og Grímsstungu, um að fá að láni gegn veði í lausafê upphæð ríkisskuldabréfs, er tèð prestakall á, dagsetts 12. febrúarmán. 1847, uppá 110 rd., og hafð þèr sent skuldabréfið hingað, til þess að bann það, er áður hefir verið á það ritað um að eigi megi láta það af hendi, verði af numið.

Um leið og greint ríkisskuldabréf er sent aptur, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjörði það, að með því að veð það, sem fram er boðið, ekki er lögmætt, hlýtur stjórnarráðinu að þykja ísjárvert að veita samþykki sitt til, að lánið veitist.

hafði fengið úr sveitarsjóð Dyrhólahrepps, verði goldinn hreppnum aptur.

Úrskurður stíptamtmannsins yfir Íslandi dagsettur 23. júlímán. 1867.

Með þóknanlegu bréfi 2. þ. m. hafð þèr, herra sýslumaður, lagt fyrir antið til úrskurðar kæru frá hreppstjórunum í Rangárvallahrepp, dagsetta 4. f. m., útaf úrskurði yðar 20. septembermán. 1864, er fer fram á, að læður hreppur sé skyldur að endurgjalda Dyrhólahrepp það, sem þaðan er skotið til fyrirfram til framfærslu stjúpbarna Jakobs Sigurðssonar, sem ennþá eru of ung til að standa sjálf straum af sér. Sem ástæðu fyrir þessari kæru sinni hafa hreppstjórnir tekið fram, að börn þessi, sem eru fædd í hjónabandi, séu samkvæmt reglugjörð 8. janúarmán. 1834 sveitlæg á Dyrhólahrepp, framfærsluhrepp föður þeirra sáluga.

Útaf þessu skal stíptantið þenustusamlega biðja yður um, að gefa hreppstjórunum í Rangárvallahrepp til kynna, að með því að ástæður þær, sem þèr hafið byggt áður nefndan úrskurð á, bæði eru samkvæmar hlutarins eðli og þar á ofan í líkum tilfellum eru teknar fram í úrskurðum dómsmálastjórnarinnar 28. febrúarmán. 1862 og 1. septembermán. 1863, skal úrskurður yðar standa óraskaður.